

Sp.

526. Fyrirspurnir.

[258. mál]

I. Til menntamálaráðherra um Kennaraháskóla Íslands.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Hvað liður endurskoðun laga um Kennaraháskóla Íslands?
2. Eru í bígerð breytingar á högum Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskólans? Ef svo er þá hverjar?

II. Til menntamálaráðherra um byggingamál kennaraskóla og skóla þroskaheftra.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Hvenær er áformað að hefja framkvæmdir við nýbyggingu Kennaraháskóla Íslands?
2. Hvað liður undirbúningi að byggingu íþróttahúss við Íþróttakennaraskóla Íslands?
3. Hvenær er áformað að hefja framkvæmdir við nýjan áfanga Öskjuhlíðarskóla?
4. Hvenær hefjast framkvæmdir við byggingu kennslu- og þjálfunarhúsnæðis við Lyngásheimilið?

III. Til samgönguráðherra um símamál.

Frá Ellert B. Schram.

1. Er það rétt að Póstur og sími hafi þantað tækjabúnað til að mæla lengd innanbæjarsímtala?
2. Ef svo er, hvað kostar sá búnaður, bæði í innkaupi og uppsetningu?
3. Hvar á að nota þennan tækjabúnað?
4. Hverjar eru áætlanir Pósts og síma um tekjur af þessari ráðagerð?